

Sp.

386. Fyrirspurn

[264. mál]

til fjármálaráðherra um tekjur og útgjöld ríkissjóðs eftir kjördæmum.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvernig skiptust tekjur ríkissjóðs s.l. fimm ár eftir kjördæmum, sundurliðað í:
 - a. söluskatt,
 - b. tekjuskatt,
 - c. sjúkratryggingagjald,
 - d. eignarskatt,
 - e. aðrar opinberar tekjur nema tolla- og vörugjöld,
 - f. tolla og vörugjöld?

Hvert er hlutfall tekna í hverjum flokki í einstökum kjördæmum af heildartekjum ríkissjóðs af viðkomandi flokki og borið saman við íbúafjölda viðkomandi kjördæmis sem hlutfall af fjölda landsmanna.

2. Hvernig skiptust útgjöld ríkisins s.l. fimm ár eftir kjördæmum, sundurliðuð í helstu útgjaldaflokk. Óskað er sérstaklega eftir sundurliðun á eftirfarandi hátt:
 - a. Samneysla:
 - i. laun,
 - ii. annað,
 - b. tekjutilfærslur,
 - c. fjármagnstilfærslur,
 - d. stofnkostnaður.

Allt einnig tilgreint sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins til viðkomandi málaflókka og borið saman við íbúafjölda kjördæmanna sem hlutfall af fjölda landsmanna.

3. Eiga sér stað umtalsverðar fjármunatilfærslur milli kjördæma gegnum ríkisfyrirtæki eða sjóði í B-hluta fjárlaga, og ef svo er þá hverjar?

Allar tölur óskast færðar til verðlags í desember 1986.

Skriflegt svar óskast.